

Mál nr. 151/2007

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á Breiðholtsbraut við gatnamót Nýbýlavegs þann 26.6.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 1.8.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.8.2007.

Málsatvik.

Bifreiðin A var kyrrstæð við umferðarljós á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Nýbýlavegs. Fyrir aftan A var bifreiðin B einnig kyrrstæð. Skömmu eftir að bifreiðunum var ekið af stað rakst B aftan á A.

Er ökumaður A var nýbúinn að aka af stað, eða um tvær til þrjár bíllengdir, kvaðst hann hafa gefið stefnuljós til hægri og stövað bifreiðina þar sem hann hafi ætlað að tala í farsíma. Þá hafi B verið ekið aftan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið af stað á eftir A. Allt í einu hafi A verið stöðvuð og kvaðst ökumaður B ekki hafa getað stöðvað nógu fljótt og því ekið aftan á A.

Álit.

Ökumaður A stöðvaði bifreið sína skyndilega á fjölfarinni akbraut til að tala í farsíma. Það voru því ekki umferðarlegar ástæður sem lágu að baki stöðvun bifreiðarinnar. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má eigi stöðva ökutæki þannig að valdið geti hættu eða óparfa óþægindum fyrir umferðina. Gegn þessu ákvæði umferðarlaga braut ökumaður A með því að stöðva bifreið sína á þann hátt sem hann gerði. Á hann því sök á árekstrinum. Ökumenn voru nýlagðir af stað andspænis grænu umferðarljósi. Ökumaður B þurfti ekki að eiga von á að A yrði stöðvuð þarna skyndilega og án gildrar ástæðu svo sem raun bar vitni. Að öllu athuguðu þykja ekki næg efni til að fella sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 11. september 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.